

SJÖ SÁLMAR

EFTIR KRISTJÁN HREINSSON

TÓNLIST: ÞORVALDUR GYLFASON

SKÍRN

Þú vaknar hér í heimi
og hlýtur strax að sjá
að sál þín er á sveimi

∴ með sannleik, von og þrá. ∴

Að vel þín viska dafni,
er vonin dásamleg
er þú með þínu nafni

∴ þræðir lífsins veg. ∴

Þótt verði einhver vandi

á vegi þínum hér,

þá yndislegur andi

∴ mun ávallt fylgja þér. ∴

TRÚ

Ég trúi á ást og yndi
en ekki á myrkrið kalt,
ég trúi á leik í lyndi,
á lífið sem sigrar allt.

Ég trúi á okkar æsku
og öldungsins viskubrunn,
ég trúi á tryggð og gæsku,
á traustan og sterkan grunn.

Ég trúi á mannsins mildi,
þann mátt sem svo fagur er,
ég trúi á göfug gildi,
∴ hið góða sem býr í mér. ∴∴

FERMING

Þín sál er fágæt fjallalind
sem fagnar hverjum degi,
svo ljómar hún í ljúfri mynd
á lífsins góða vegi.

Á vegferð aldrei villist þú
ef vakir hugans mildi
og ef þitt hjarta hefur trú
á heimsins fögru gildi.

Af þinni sál er aðeins eitt
eintak hér að finna
:,: því skaltu ætíð brosa breitt
mót birtu vona þinna. :,:

VON

∴ Viljinn vekur
von um nætur,
draum og dekur
dafna lætur.

Sofna sakir
og sorg í minni
ef vonin vakir
í vitund þinni. ∴

Ógnir eyðast
ýmiskonar,
brosir breiðast
birta vonar.

GIFTING

Með visku þráum við
á veraldlegum brautum
að standa hlið við hlið
í heimsins mörgu þrautum.

Ef leggja okkur lið
lífsins viskubrunnar,
∴ við getum fundið frið
í faðmi hamingjunnar. ∴∴

Á ferð um lífsins land
leitar fólkið svara,
í heilagt hjónaband
hyggjast sálir fara.

KÆRLEIKUR

Sá sem hugans kúnstir kann
sér kraft í hjartans merki
ef hann kynnir kærleikann
og kennir hann í verki.

Kærleiksrík og hjartahrein
í heimi lifir vera
sem á sinn frið og aldrei mein
vill öðru lífi gera.

Kærleikur er hreinn og hlýr
ef hugur fylgi máli
:,: því lífsins heita hugsun býr
í hjartans fagra báli. :,:

MINNING

Þegar einhver fellur frá
fyllist hjartað tómi
en margur síðan mikið á
í minninganna hljómi.

Ef minning geymir ást og yl
hún yfir sorgum gnæfir
því alltaf verða tónar til
sem tíminn ekki svæfir.

Á meðan hjörtun mild og góð
minning örmum vefur
þá fær að hljóma lífsins ljóð
og lag sem tilgang hefur.